

Samstarfssamningur um stofnun og rekstur listframhaldsskóla á sviði tónlistar

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt *ráðuneytið*, Tónlistarskólinn í Reykjavík, kt. 660269-0379 og Tónlistarskóli Félags íslenskra hljómlistarmanna kt. 490680-0129, fyrir hönd Menntaskóla í tónlist, kt. 560916-0510, í samningi þessum nefndir ýmist verksali eða *skólarnir*, gera með sér svofelldan samning.

Inngangur

Samningur þessi tekur yfir og kemur í stað samnings sem sömu aðilar skrifuðu undir 26. september 2016. Tilgangur þessa samnings er að festa frekar í sessi vinnu við stofnun og rekstur listframhaldsskóla á sviði tónlistar. Samningurinn er gerður í kjölfar auglýsingar, um val á aðila um rekstur á viðurkenndum einkareknum listframhaldsskóla á sviði tónlistar, sem birt var 15. maí 2016 en skilafrestur umsókna rann út 21. júní 2016. Ekki var um formlegt útboð að ræða heldur opið og gagnsætt ferli skv. 14. og 40. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007, ferlið var í umsjón Ríkiskaupa fyrir hönd ráðuneytisins. Þá var skipuð matsnefnd sem að lokinni yfirferð skilaði tillögu til ráðherra sem tók ákvörðun um að gengið yrði til samninga við ofangreinda aðila og er samningur þessi afraksturinn.

Samningurinn er í tveimur köflum, kafli I snýr að stofnun Menntaskóla í tónlist og eru áætluð verklok 31. júlí 2017. Kafli II tekur við þegar öll skilyrði kafa I eru uppfyllt. Kafli II snýr að þjónustuhluta skólans vegna kennslu á framhaldsskólastigi og er á grundvelli heimildar sem er að finna í 3. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Ákvæði I. hluta samningsins eiga við um samninginn allan sem og ákvæði II. hluta eftir því sem við á.

Lagaheimildir og forsendur samningsins

Um samninginn gilda ákvæði 40. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál og reglugerðar nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs, nema ríkari kröfur séu gerðar í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Verksali skal reka framhaldsskóla sem skal starfa í samræmi við lög um framhaldsskóla, að undanskildum II. kafla laganna, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem ráðuneytið gefur út á grundvelli þeirra.

Skólinn hafi viðurkenningu skv. 12. gr. framhaldsskólalaga.

Skólinn starfi á framhaldsskólastigi samkvæmt skipulagsskrá sjálfseignarstofnunar, dags. 1. september 2016 sem ráðuneytið hefur fallist á sem eina af forsendum samnings þessa.

Skólinn starfi í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga við um starfsemi hans. Þar á meðal geta verið lög og reglugerðir um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins, eftir því er við á. Eftirfarandi lög og reglugerðir kunna því að eiga við:

- Lög um opinber fjármál nr. 123/2015, einkum 40. og 54. gr. laganna.
- Lög um opinber innkaup nr. 84/2007, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna.
- Upplýsingalög nr. 140/2012, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993, sbr. 1. gr. laganna.
- Lög um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997, sbr. 1. gr. laganna.
- Samkeppnislög nr. 44/2005, einkum 14. gr.
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.
- Lög um opinber skjalasöfn 77/2014, sbr. 14. gr.

Handwritten signatures and initials in the bottom right corner of the document, including a large signature at the top, and several other initials and names below it, such as 'Tósa', 'A', and 'Blum'.

I. Kafi

1. Verkefni

- 1.1. Markmið ráðuneytisins er að rekinn verði viðurkenndur einkarekinn framhaldsskóli sem gefur nemendum, sem hyggjast leggja stund á framhaldsnám í tónlist, kost á sérhæfðu undirbúningsnámi. Skólanum er ætlað að þjóna allt að 200 nemendum af öllu landinu sem ætla í áframhaldandi nám á sviði tónlistar.
- 1.2. Verkefnið felst í því að:
 - 1.2.1. Skólaárið 2016-17 sinna skólarnir kennslu þeirra nemenda sem þegar hafa hafið nám í hljóðfæraleik og söng á framhaldsstigi og söng á miðstigi hjá Tónlistarskólanum í Reykjavík og Tónlistarskóla Félags íslenskra hljómlistarmanna.
 - 1.2.2. Fyrir 01.08.2017 hafi Menntaskóli í tónlist uppfyllt skilyrði og fengið viðurkenningu samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla og reglugerð nr. 426/2010 um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi. Sjá grein 6.1. varðandi vanefndir á þessu.
- 1.3. Verkefninu lýkur með því að skólarnir skila til ráðuneytisins fullnægjandi staðfestingu og gögnum um að Menntaskóli í tónlist sé viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi skv. reglugerð nr. 426/2010.


2. Framkvæmd

- 2.1. Til að halda utan um framangreint verkefni hafa skólarnir stofnað til sameiginlegs rekstrarfélags, Menntaskóla í tónlist ses, sem er ætlað að uppfylla öll skilyrði til að fá viðurkenningu, skv. reglugerð nr. 426/2010 um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi. Skólarnir áforma að sameina rekstur sinn í sameiginlegu rekstrarfélagi.
- 2.2. Skólarnir sinna áfram kennslu þeirra nemenda sem þegar stunda nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og söng á miðstigi og framhaldsstig hjá Tónlistarskólanum í Reykjavík og Tónlistarskóla Félags íslenskra hljómlistarmanna.
- 2.3. Framkvæmdaáætlun skólanna felur í sér að þeir muni:
 - Skipuleggja og senda til staðfestingar nýjar námsbrautalýsingar. Tilbúið í febrúar 2017.
 - Skipuleggja skólastarf og útbúa skólanámskrá skv. lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla og aðalnámskrá framhaldsskóla. Tilbúið í mars 2017.
 - Vinna sundurliðaða rekstraráætlun og nemendaáætlun til þriggja ára með skýringum. Tilbúið í mars 2017.
 - Útbúa heimasíðu þar sem skólanámskrá og upplýsingar um skólann skv. lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla og aðalnámskrá framhaldsskóla verða birtar. Tilbúið í júlí 2017.
 - Skipuleggja skólastarf og þjónustu við nemendur á landsbyggðinni. Tilbúið í maí 2017.
- 2.4. Verði dráttur á framangreindum verkþáttum getur ráðuneytið haldið eftir greiðslum vegna I. hluta samningsins. Sjá nánar í grein 8.2.
- 2.5. Skólarnir bera ábyrgð á framkvæmd verksins, leggja til sérfræðinga sem hafa þekkingu og reynslu og greiða allan kostnað.

3. Almenn upplýsingagjöf, samskipti og eftirlit

- 3.1. Við upphaf verksins boðar ráðuneytið til fundar með skólunum þar sem þeir gera grein fyrir verklagi og áherslum. Stöðufundur verður haldinn í byrjun mars 2017 og aðrir fundir haldnir eftir þörfum.
- 3.2. Við verklok hvers verkþáttar skv. 2. grein skulu skólarnir skila framvinduskýrslu þar sem gerð er grein fyrir fullnustu verkþáttarinnar og stöðu annarra verkþátta.
- 3.3. Ráðuneytið boðar skólana til formlegs fundar við lok verksins, þar sem farið er yfir verkefnið.

11/03/17
TRIA RAM



- 3.4. Tengiliðir samningsins fyrir hönd skólanna eru Björn Th. Árnason og Kjartan Óskarsson og fyrir hönd ráðuneytisins er Íva Sigrún Björnsdóttir.
- 3.5. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 3.6. Skólastjóri kemur fram fyrir hönd skólans og hefur fullt umboð til að taka allar ákvarðanir vegna þess rekstrar sem felst í umsömdu verkefni.
- 3.7. Skólinn á sama rétt á faglegum leiðbeiningum og ráðgjöf frá ráðuneytinu og aðrir framhaldsskólar.
- 3.8. Skólameistari skólans situr fundi sem ráðuneytið heldur með skólameisturum framhaldsskóla sameiginlega um málefni skólastigsins.
- 3.9. Fulltrúar ráðuneytisins boða fulltrúa skólans að lágmarki á einn formlegan fund á ári um samninginn.
- 3.10. Fyrir lok febrúar ár hvert skal skólinn skila ráðuneytinu stuttri ársskýrslu á sama hátt og opinberum framhaldsskólum ber að gera skv. lögum um opinber fjármál nr. 123/2015. Í henni skal greina frá framkvæmd samnings þessa.
- 3.11. Skólinn skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 3.12. Skólinn veitir Hagstofu Íslands sundurliðaðar upplýsingar úr nemendabókhaldi og öðrum skráum vegna hagtalna og veitir Hagstofu Íslands og ráðuneytinu upplýsingar sem UNESCO, OECD og EUROSTAT og aðrir sambærilegir aðilar fara fram á.
- 3.13. Skólinn afhendir ráðuneytinu gögn og veitir því upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með rekstri hans, fjármálum og ytri úttektum. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálf eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í starfsemi skólans, svo sem fjármálum, stjórnsýslu og gæðum náms og kennslu. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum hjá skólanum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skráum, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum. Upplýsingagjöf ráðuneytisins lýtur upplýsingalögum nr. 140/2012.
- 3.14. Um mat og eftirlit með gæðum starfs í skólanum fer samkvæmt VII. kafla framhaldsskólalaga.
- 3.15. Samning þennan, viðurkenningarskjöl skólans, skólasamning, ársreikning skólans, ársskýrslu og úttektarskýrslur skal birta á vef skólans jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

4. Afurð

- 4.1. Skólaárið 2016-17 sinna skólarnir kennslu þeirra nemenda sem þegar hafa hafið nám í hljóðfæraleik og söng á framhaldsstigi og söng á miðstigi hjá Tónlistarskólanum í Reykjavík og Tónlistarskóla Félags íslenskra hljómlistarmanna.
- 4.2. Skólarnir skila til ráðuneytisins, í síðasta lagi 31.07.2017, fullnægjandi staðfestingu og gögnum um viðurkenningu einkarekins framhaldsskóla skv. reglugerð nr. 426/2010. Sjá grein 6.1. varðandi vanefndir á þessu.

5. Ábyrgð

- 5.1. Skólarnir bera sameiginlega, hvor um sig, fulla ábyrgð á framkvæmd verkefnisins gagnvart ráðuneytinu og nemendum hins sameiginlega rekstrarfélags, Menntaskóla í tónlist, sem þeir hafa stofnað um framkvæmd verkefnisins. Skólarnir bera ábyrgð á að verkið sé unnið af fagmennsku. Skólarnir bera einnig ábyrgð á að þjónusta við nemendur, sem stunda nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og nám í söng á mið- og framhaldsstigi við Menntaskóla í tónlist sé fagleg, fullnægi kröfum um gæði og sé í samræmi við lög um framhaldsskóla.
- 5.2. Þá bera skólarnir ábyrgð á úrlausn mála gagnvart þessum nemendum. Réttindi og skyldur nemendanna skulu vera sambærileg ákvæðum í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

16/12/17
Birta
RAM

6. Framlag og gildistími

- 6.1. Gildistími samningsins er frá 01.09.2016 – 31.07.2019. Ef skólunum tekst ekki að uppfylla ákvæði/skilyrði I. hluta fellur samningurinn niður 31.07.2017 eða við áætluð verklok I. hluta.
- 6.2. Framlag ráðuneytisins til samnings þessa fyrir tímabilið 01.09.2016 – 31.07.2017 er 353 m.kr. Ráðuneytið greiðir framlag sitt með ellefu jöfnum greiðslum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning sem skólarnir tilgreina.
- 6.3. Viðbótarfjárframlag fyrir árið 2016 er áætlað 60 m.kr. en það felur í sér framlag til stofnkostnaðar og kaupa á hljóðfærum sbr. fjárukalög ársins 2016. Viðbótarfjárframlagið verður greitt í einni greiðslu fyrir 31.12.2016.
- 6.4. Skólinn skal halda nákvæma skrá yfir það sem fjárfest er í fyrir viðbótarfjárframlagið. Komi til þess að samningurinn falli niður á gildistímanum skal skólinn afhenda ráðuneytinu þá hluti sem fjárfest var í fyrir viðbótarfjárframlagið.
- 6.5. Skólanum er óheimilt að veðsetja viðbótarfjárframlag sbr. gr. 6.3. og þá hluti sem fjárfest er í fyrir viðbótarfjárframlagið.
- 6.6. Ráðuneytið annast samskipti við skólana vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1 mgr. 21. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 og við Alþingi.

7. Bókhald og fjárreiður


- 7.1. Skólarnir skulu leggja fram bókhald og ársreikninga beggja skóla ásamt bókhaldi og ársreikningi fyrir sameiginlegt rekstrarfélag, Menntaskóla í tónlist.
- 7.2. Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna samnings þessa aðgreindu frá öðrum fjárreiðum, bókhaldi og eignum skólanna.
- 7.3. Stundi skólarnir annan rekstur en þann sem fellur undir samning þennan fylgir hann leiðbeiningum fjármála- og efnahagsráðuneytisins um fjárhagslega aðgreiningu í rekstri ríkisstofnana, kveði lög, reglur eða ákvarðanir samkeppnisyfirvalda ekki á um annað.
- 7.4. Að því leyti sem skólarnir fást við önnur verkefni en felast í framkvæmd samnings þessa skal gera grein fyrir fjárreiðum þeirra í ársreikningum.
- 7.5. Eigi skólarnir í viðskiptum við lögaðila sem þeir eiga eignarhlut í eða er í eigu eigenda þeirra, stjórnenda skólanna, eða annarra fjárhagslega tengdra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi skólanna. Jafnframt afhendi skólarnir ráðuneytinu ársreikning hlutaðeigandi lögaðila sem skólarnir eru eigendur að.

8. Vanefndir og lausn á ágreiningi

- 8.1. Skólanum er skylt að tilkynna ráðuneytinu skriflega ef hann telur vafa leika á um að hann geti uppfyllt forsendur samningsins eða aðrar þær skyldur sem samningur þessi kveður á um. Jafnframt skal skólinn senda ráðuneytinu upplýsingar um til hvaða úrræða hann hyggst grípa.
- 8.2. Telji aðilar samningsins að viðsemjandinn hafi vanefnt ákvæði samningsins skal beina skriflegri áskorun til gagnaðila um að bæta úr vanefndinni. Hafi ekki verið bætt úr vanefndum innan 20 virkra daga frá því að áskorun barst er heimilt að rifta samningnum.
- 8.3. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr eða stöðva greiðslur til skólanna bæti þeir ekki úr vanefndum innan tímafrests. Ráðuneytið skal þó fyrst gefa 7 daga lokafrest til úrbóta.
- 8.4. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 8.5. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

9. Lok samnings og endurskoðun

- 9.1. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því á gildistímanum að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 9.2. Allar breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu vera skriflega. Þær taka ekki gildi fyrr en samningsaðilar og fjármálaráðherra hafa undirritað þær.



 14.01.2016
 B. J. A.
 R. A. M.

- 9.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega í síðasta lagi fyrir lok desember, miðað er við að samningur gildi til loka yfirstandandi skólaárs.
- 9.4. Skólanum ber að tilkynna ráðuneytinu án dráttar ef til breytinga kemur á eignarhaldi skólans og er ráðuneytinu þá heimilt að segja upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara. Á sama hátt skal tilkynna ráðuneytinu um breytingar á yfirstjórn skólans.
- 9.5. Segi skólinn upp samningnum gildir hann þó áfram um þá nemendur sem eru í skólanum þegar uppsögn berst þar til þeir gætu hafa lokið námi miðað við eðlilegan námshraða, enda semjast ekki um annað við ráðuneytið.
- 9.6. Afturkalli ráðherra viðurkenningu skólans sbr. heimild í 5. mgr. 12. gr. laga um framhaldsskóla vegna þess að skólinn uppfyllir ekki lengur skilyrði hennar eða segi ráðuneytið upp samningnum vegna alvarlegra vanefnda skólans á honum og ágreinings sem aðilum samningsins tekst ekki að leysa úr, getur það leitt til fyrirvaralausrar riftunar samningsins. Ráðuneytið getur þá tekið yfir rekstur skólans eða flutt verkefnið sem samningur þessi fjallar um ásamt fjárveitingum þess til annars skóla enda sé hagsmunum nemenda best borgið á þann hátt að mati ráðuneytisins. Ráðuneytið getur ákveðið að húsnæði, búnaður, kerfi, skrár og skjöl í eigu skólans eða rekstraraðila hans fylgi verkefninu þar til nemendur hafa lokið námi miðað við eðlilegan námshraða eða tekist að útvega þeim nám í öðrum skólum. Komi til þessa mun ráðuneytið standa straum af öllum kostnaði hvort heldur sem er húsaleiga og rekstur húsnæðis, búnaður eða annar kostnaður sem kann að tengjast verkefninu.
- 9.7. Samningsaðilar ákveða sameiginlega, hálfu ári áður en samningurinn rennur út, hvort stefna skuli að endurnýjun hans og hefja í framhaldinu viðræður um það. Liggi á hinn bóginn ljóst fyrir af hálfu annars hvors samningsaðila að vilji sé ekki fyrir hendi til endurnýjunar samnings skal sú afstaða viðkomandi samningsaðila tilkynnt gagnaðila í samræmi við ákvæði greinar 9.3. Miðað er við að eigi síðar en hálfu ári áður en samningur rennur út hafi ráðuneytið lokið sérstakri úttekt á framkvæmd samningsins og metið forsendur fyrir áframhaldandi samningi. Á grundvelli þeirrar úttektar er tekin ákvörðun um framhald rekstrarverkefnis, sbr. 17. gr. reglugerðar um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs.

II. Kaffli

10. Þjónustan

- 10.1. Skólinn veitir nemendum og kennurum þjónustu og aðbúnað sem er nauðsynleg við nám á tónlistarbraut A til stúdentsprófs, tónlistarbraut B til burtfararprófs og tónlistarkennarabraut. Nánar er kveðið á um áherslur í námsframboði í skólasamningi.
- 10.2. Skólinn skal þjóna nemendum af öllu landinu sem ætla í háskólanám á sviði tónlistar, jafnt innan lands sem utan. Lögð er áhersla á að nemendur ljúki stúdentsprófi.
- 10.3. Skólinn mun bjóða upp á fjarnám í tónfræðigreinum fyrir nemendur sem stunda nám í tónlistarskólum á landsbyggðinni til þess að gera þeim kleift að ljúka fullgildu framhaldsprófi. Þá stefnir skólinn á aukið samstarf við tónlistarskóla á landsbyggðinni m.a. í formi kennara- og nemendaskipta.
- 10.4. Miðað er við að nemendur á tónlistarbraut A séu á bilinu 30 – 60, nemendur á tónlistarbraut B séu á bilinu 130 – 170 og að nemendur á tónlistarkennarabraut séu á bilinu 6 – 10.
- 10.5. Miða skal við að heildarfjöldi nemenda sé að hámarki 200. Fari fjöldi nemenda yfir 200 mun framlag ríkisins ekki hækka umfram það sem tilgreint er í gr. 13.3. og 13.4.
- 10.6. Fari nemendafjöldi undir 150 skulu samningsaðilar endurskoða samninginn m.t.t. fjárframlags sbr. gr. 9.1. og 9.2.
- 10.7. Miðað er við að hlutfall nýrra nemenda sé að lágmarki 25% af heildarfjölda nemenda hverju sinni, eftir því sem nánar er ákveðið í skólasamningi.



 K. K. K.

 5

 B. B. B.


 B. B. B.

11. Réttindi og skyldur nemenda

- 11.1. Réttindi og skyldur nemenda skulu vera sambærileg ákvæðum í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og skulu útfærð og birt í skólanámskrá.
- 11.2. Skólinn kynni nemendum og hafi á vefsíðu sinni greinargóðar upplýsingar um réttindi og skyldur nemenda, þar á meðal leiðbeiningar um málskotsrétt þeirra, gjaldtökureglur, fyrirkomulag náms, skólanámskrá og próftökureglur.
- 11.3. Innritun nemenda er á ábyrgð skólans sbr. 32. gr. framhaldsskólalaga.
- 11.4. Forsenda til náms er að nemendur hafi staðist inntökupróf skólans. Miðað er við að skilgreina áherslur, forsendur við innritun og forgangshópa nánar í skólasamningi.
- 11.5. Skólinn taki þátt í sameiginlegri innritun nemenda með sama hætti og aðrir framhaldsskólar samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins og fylgir reglum þess um innritun.
- 11.6. Skólinn heldur rafrænt nemendabókhald sem getur látið miðlægu kerfi opinberra framhaldsskóla í té nöfn og kennitölur nemenda skólans, skráningu þeirra í áfanga, einkunnir þeirra og skólasókn, á hverri önn, samanber reglugerð nr. 235/2012 um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólahald, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur.
- 11.7. Innheimti skólinn gjald af nemendum vegna þeirrar þjónustu sem samningur þessi fjallar um skal ástæða gjaldtöku útskýrð og birt ásamt gjaldskrá á áberandi stað á vef hans. Verði skólagjöld innheimt af nemendum skal upphæð þeirra vera eftirfarandi
 - 11.7.1. Vegna náms á tónlistarbraut A að hámarki kr. 100.000,- á ári.
 - 11.7.2. Vegna náms á tónlistarbraut B að hámarki kr. 150.000,- á ári.
 - 11.7.3. Vegna náms á tónlistarkennarabraut að hámarki kr. 150.000,- á ári.
 Hækki skólinn gjöld umfram verðlagshækkun eða leggi á ný gjöld, kynni hann það fyrir nemendum með góðum fyrirvara og útskýrir ástæður hækkunar. Slík ákvörðun skal fyrst kynnt ráðuneytinu og gerð grein fyrir ástæðu hennar.

12. Ábyrgð skólans

- 12.1. Skólinn ber ábyrgð á að þjónusta við nemendur sé fagleg, fullnægi kröfum um gæði og sé í samræmi við lög. Hann skal geta lagt fram gögn og skýrslur um innra mat, skv. 40. og 41. gr. framhaldsskólalaga, því til staðfestingar.
- 12.2. Skólinn ber ábyrgð á úrlausn mála gagnvart nemendum, starfsmönnum sínum, birgjum og ráðuneytinu.
- 12.3. Skólinn á rétt á að kaupa þjónustu af verktökum vegna afmarkaðra þátta í rekstri skólans, en slík kaup leysa hann þó ekki undan ábyrgð á framkvæmd samningsins. Skal ekki gera minni kröfur til verktaka en gerðar eru til skólans í samningi þessum.
- 12.4. Skólanum ber að gæta þess að útgjöld séu í samræmi við tekjur og gæta ráðdeildar í rekstri. Tekjum sem verða til í tengslum við samninginn er einungis heimilt að verja til þeirrar þjónustu sem hann nær til.
Skólanum er óheimilt að:
 - 12.4.1.1. Efna til óvenjulegra ráðstafana í fjármálum eða skuldbindinga sem verulegar líkur eru á að stofni framkvæmd samningsins í hættu eða bitni á námi og nemendum sem samningurinn tekur til.
 - 12.4.1.2. Veita önnur lán en þau sem tengjast rekstri skólans. Lán skulu ekki vera með lakari kjörum sem almennt gilda í sambærilegum viðskiptum.
 - 12.4.1.3. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 12.4.1.4. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð.
- 12.5. Verði afgangur af rekstri skólans skal honum ráðstafað í að byggja upp innviði skólans.


 11/10/16
 RAN 7/2/17

- 12.6. Auk lögboðinna trygginga kaupi skólinn frá upphafi samnings aðrar nauðsynlegar skaðabóta- og váttryggingar vegna rekstrarins þar á meðal vegna tjóns, sem veldur því að rekstur hans stöðvast.
- 12.7. Skólinn leggi fram, eigi síðar en 31.07.2017, tryggingu sem nemur sem næst 20% af áætluðum útgjöldum hans á heilu ári eða 70 m.kr. til tryggingar á tjóni sem ráðuneytið kann að verða fyrir vegna vanefnda hans á samningnum, svo sem ef útvega þarf nemendum skólavist í öðrum skólum. Tryggingin er í formi veðs í hluta af tækjabúnaði og innbúi skólans, en miðað skal við að trygging þessi og hugsanleg þinglýsing í lausafjárnám sé skólanum að kostnaðarlausu. Skólinn hefur heimild til að hagnýta sér hið veðsetta með hefðbundnum hætti til kennslu- og rannsóknarstarfsemi. Honum er hvorki heimilt að veðsetja búnaðinn og innbúið öðrum né selja eða farga hinu veðsetta nema kaupa nýrri og betri búnað í staðinn. Komi til þeirra atvika sem tilgreind eru í grein 9.6 ber skólanum að afhenda ráðuneytinu hið veðsetta í samræmi við ákvæði þeirrar greinar. Skólinn kynni með formlegum hætti ákvæði þessarar greinar fyrir lánveitendum sínum og geti tryggingarinnar í ársreikningi.
- 12.8. Nái skólinn ekki að leggja fram tryggingu, sbr. gr. 12.7., fyrir 31.07.2017 fellur samningurinn niður sbr. gr. 6.1.
- 12.9. Trygging, sbr. gr. 12.7., skal vera í öðrum munum en þeim sem fjárfest er í með viðbótarfjárframlagi ársins 2016 sbr. gr. 6.3. og 6.5.

13. Framlög ríkisins og fjárhagsleg samskipti

- 13.1. Rekstrarframlag ríkisins til skólans vegna II. hluta samning þessa er sett fram á grundvelli fjárheimilda sem Alþingi ákvarðar í fjárlögum hvers árs sbr. 43. gr. framhaldsskólalaga og 21. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 13.2. Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um fjárveitingar grundvallaðar á ákvörðun Alþingis um fjárheimildir í fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunna að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig er heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til á sama hátt og í málaflokkum, hjá ríkisstofnunum og öðrum aðilum sem annast um sambærilega starfsemi taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga. Komi til lækkunar á fjárveitingum til verkefnisins skulu aðilar taka upp viðræður um að aðlaga rekstur verkefnisins að breyttri fjárveitingu.
- 13.3. Áætlað framlag ríkisins vegna II. hluta samnings þessa er 385 m.kr. Áætlað er að árlegt framlag vegna námsbrautar A sé 150 m.kr., námsbrautar B sé 221 m.kr. og kennaranámsbrautar 14 m.kr. Um nemendafjölda á hverri braut er fjallað í grein 2.2. og samkvæmt því er áætlað framlag á hvern nemanda á námsbraut A 2,5 m.kr., á námsbraut B 1,7 m.kr. og á kennaranámsbraut 1,4 m.kr.
- 13.4. Framlag ríkisins samkvæmt samningi þessum tekur breytingum vegna almennrar launa- og verðlagsþróunar í fjárlögum hvers árs.
- 13.5. Skólinn skilar, óumbeðinn, ráðuneytinu upplýsingum vegna undirbúnings fjárlagatillagna með sama hætti og opinberir framhaldsskólar. Ráðuneytið kynnir skólanum tillögur sínar og afgreiðslu á þeim með sama hætti og það gerir gagnvart öðrum framhaldsskólum.
- 13.6. Skólinn getur með sama hætti og aðrir framhaldsskólar sótt um fjárveitingar úr sjóðum á vegum ráðuneytisins sem ætlað er að koma á móts við sérgreindan kostnað við þróun og rekstur framhaldsskóla.
- 13.7. Skólinn skilar, óumbeðinn, ráðuneytinu ársáætlun (fjárhagsáætlun) fyrir fjárlagaárið sem er framundan með sambærilegum hætti og opinberir framhaldsskólar gera samkvæmt 32. gr. laga um opinber fjármál. Jafnframt leggur hann þá fram bráðabirgðauppgjör fjárhagsbókhalds ársins á undan áætlunarárinu.
- 13.8. Ráðuneytið greiðir skólanum framlag í fjárlögum í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar.
- 13.9. Skólinn skilar ráðuneytinu, óumbeðinn:
- 13.9.1. Óendurskoðuðu hálfársuppjöri fjárhagsbókhalds fyrir lok ágústmánaðar ár hvert eða sambærilegum upplýsingum um fjárhagsstöðu skólans.


[Handwritten signatures and initials]

BK
Möln
BFA


13.9.2. Fyrir lok maímánaðar endurskoðaðan ársreikning ársins á undan sem áritaður er af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðandi skal kanna ársnemendatölur og annað sem snýr sérstaklega að framkvæmd þessa samnings. Ársreikningurinn skal einnig sendur Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðun samkvæmt 54. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Af samningi þessum eru gerð fjögur eintök. Hver samningsaðili heldur sínu eintaki og fjármála- og efnahagsráðuneytið einu.


Reykjavík, 28. október 2016




Hlúgi Guðmarsson
mennta- og menningarmálaráðherra



Kjartan Óskarsson
f.h. Tónlistarskólans í Reykjavík



Bjarni Benediktsson
Fjármála- og efnahagsmálaráðherra
Samningur staðfestur skv. 40. gr.
laga um opinber fjármál nr. 123/2015



Björn Th. Arnason
f.h. Tónlistarskóla FÍH